

VIÐAUKI 3.0

Fullnaðarafgreiðsla mála hjá barnaverndarþjónustu Hafnarfjarðar

I. KAFLI

Skilgreiningar og grundvöllur

1. gr.

Grundvöllur

Samþykkt þessi er sett á grundvelli 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum („barnaverndarlög“). Í samþykkt þessari er þar tilgreindum starfsmönnum barnaverndarþjónustu Hafnarfjarðar falið umboð til könnunar, meðferðar og ákvarðanatöku í einstökum barnaverndarmálum og öðrum málum þar sem barnaverndarþjónusta fer lögum samkvæmt með ákvörðunarvald. Sé ekki sérstaklega mælt fyrir um það í samþykkt þessari hver hefur heimild til að taka ákvörðun f.h. barnaverndarþjónustu Hafnarfjarðar hefur deildarstjóri, lögfræðingur barnaverndarþjónustu eða sviðsstjóri heimild til að taka slíka ákvörðun. Sviðsstjóri og lögfræðingur geta tekið ákvarðanir og gegnt hlutverkum sem eru á valdi deildarstjóra samkvæmt samþykkt þessari í hans fjarveru.

2. gr.

Skilgreining á hugtökum

Deildarstjóri er stjórnandi barnaverndarþjónustunnar.

Lögfræðingur er lögfræðimenntaður starfsmaður fjölskyldu- og barnamálasviðs sem vinnur að málum barnaverndarþjónustu.

Ráðgjafi er starfsmaður barnaverndarþjónustu Hafnarfjarðar og telst til sérhæfðs starfsfólks í skilningi 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga. Þetta eru starfsmenn með starfsheitin félagsráðgjafi eða ráðgjafi.

Sálfræðingur er sálfræðimenntaður starfsmaður fjölskyldu- og barnamálasviðs sem vinnur að málum barnaverndarþjónustu.

Starfsmaður fjölskyldu- og barnamálasviðs er starfsmaður á fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar sem tilheyrir hvort sem er deild barnaverndarþjónustu eða öðrum deildum sem undir sviðið heyrir.

Sviðsstjóri er stjórnandi fjölskyldu- og barnamálasviðs.

Meðferðarfundur er fundur teymis barnaverndarþjónustu, þar sem fram fara umræður um einstök mál, sjónarmið fagaðila, barna og foreldra eru ígrunduð og lagt mat á stefnu máls. Meðferðarfundir eru að jafnaði haldnir vikulega og stýrt af deildarstjóra.

Teymi barnaverndarþjónustu samanstendur af ráðgjöfum barnaverndarþjónustu, deildarstjóra, lögfræðingi og sálfræðingi.

Tilkynningarfundur er vikulegur fundur deildarstjóra, lögfræðings og eins ráðgjafa barnaverndarþjónustu þar sem teknar eru ákvarðanir um könnun máls og lokun mála. Í fjarveru deildarstjóra getur lögfræðingur, sviðsstjóri eða tiltekinn ráðgjafi stýrt fundi fyrir hans hönd og tekið ákvarðanir í hans umboði.

Úthlutunarfundur er vikulegur fundur deildarstjóra og teymis barnaverndarþjónustu þar sem teknar eru ákvarðanir um úthlutun tiltekinna mála til starfsmanna.

3. gr.

Heimildir og umboð starfsmanna

Í forföllum eða fjarveru deildarstjóra leysir lögfræðingur, tiltekinn ráðgjafi eða sviðsstjóri hann af.

4. gr.

Starfslið

Deildarstjóri, í samráði við sviðsstjóra, ræður starfslið barnaverndarþjónustu.

Deildarstjóra er heimilt að semja við stofnanir, svo sem á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu.

Deildarstjóra er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu og meðferð mála eftir því sem þörf er á hverju sinni. Þá er deildarstjóra heimilt að semja við utanaðkomandi aðila um rekstur vistheimila eða annarra úrræða á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga.

5. gr.

Valdsvið og samstarf barnaverndarþjónustna

Deildarstjóri getur samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í þeirra umdæmi, þó barn hafi fasta búsetu í Hafnarfirði. Sömuleiðis getur deildarstjóri samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í umdæmi barnaverndarþjónustu Hafnarfjarðar þó barn hafi fasta búsetu annars staðar. Að öðru leyti fer um þessi mál samkvæmt 15. gr. barnaverndarlaga.

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun, skv. 31. gr. barnaverndarlaga, vegna barns sem statt er í Hafnarfirði en hefur fasta búsetu annars staðar, getur ráðgjafi í samráði við deildarstjóra, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga, framkvæmt hana. Starfsmaður skal án tafar tilkynna viðkomandi barnaverndarþjónustu um málið sem skal taka málið til meðferðar og taka allar frekari ákvarðanir. Sé barni ráðstafað til bráðabirgða hjá aðila sem ekki hefur fengið útgefið rekstrarleyfi Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála sendir viðkomandi barnaverndarþjónusta tilkynningu til Gæða- og eftirlitsstofnunar.

II. kafli

Upphaf og könnun barnaverndarmáls

6. gr.

Nafnleynd

Tilkynnandi skv. 16. gr. barnaverndarlaga skal njóta nafnleyndar gagnvart öðrum en barnaverndarþjónustu Hafnarfjarðar, óski hann þess, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Óski aðili máls eftir afléttingu á nafnleynd getur lögfræðingur, deildarstjóri eða sviðsstjóri tekið ákvörðun um að synja um afléttingu nafnleyndar.

Ef rökstuddur grunur er um að tilkynnandi hafi vísitandi komið á framfæri rangri eða villandi tilkynningu getur lögfræðingur, deildarstjóri eða sviðsstjóri tekið ákvörðun um að aflétta nafnleyndinni. Ef tekin er ákvörðun um að aflétta nafnleynd getur deildarstjóri, lögfræðingur eða sviðsstjóri óskað lögreglurannsóknar á meintu broti gegn 96. gr. barnaverndarlaga.

7. gr.

Ákvörðun um könnun máls

Þegar tilkynning berst skal starfsmaður fjölskyldu- og barnamálasviðs í samráði við deildarstjóra eða lögfræðing taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að vísa máli til tilkynningarfundar til ákvarðanatöku.

Deildarstjóri ásamt lögfræðingi og einum ráðgjafa barnaverndarþjónustu tekur ákvörðun á tilkynningarfundum um hvort hefja skuli könnun máls. Ákvörðun um að hefja könnun máls skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til.

Deildarstjóri ásamt ráðgjafa tekur ákvörðun um að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna, sbr. 4. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga og bókar þar um.

Ef brýna nauðsyn ber til hefur ráðgjafi, að höfðu samráði við deildarstjóra, heimild til að hefja könnun án þess að tilkynningarfundur hafi fjallað um málið.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls úthlutar deildarstjóri málinu til ráðgjafa.

8. gr.

Úthlutun annarra mála

Mál sem heyra undir barnaverndarþjónustu Hafnarfjarðar en eru ekki unnin á grundvelli V. kafla barnaverndarlaga skal deildarstjóri úthluta til ráðgjafa.

9. gr.

Skipan talsmanns

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls á tilkynningarfundum, skal taka afstöðu til þess í bókun hvort þörf sé á að skipa barni talsmann.

10. gr.

Könnun máls

Ráðgjafi sem fer með könnun máls sér um að afla upplýsinga í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða, leita aðstoðar sérfræðinga og óska eftir þjónustu Barnahúss eftir því sem við á, sbr. 22. gr. barnaverndarlaga. Hann leitast við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við forsjáradila, þó ætíð með hagsmuni barns að leiðarljósi. Ráðgjafi fer með þær rannsóknarheimildir sem mælt er fyrir um í 43. gr. barnaverndarlaga. Ráðgjafi tekur þátt í samþættingu þjónustunnar frá upphafi barnaverndarmáls ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns. Ef ekki liggur fyrir beiðni um samþættingu þjónustu ber ráðgjafa við upphaf könnunar og eftir þörfum á meðan könnun vindur fram, að leiðbeina foreldrum og/eða barni um rétt samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Að lokinni könnun máls skulu ráðgjafi og deildarstjóri taka ákvörðun um hvort loka eigi málinu eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 1. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga.

11. gr.

Lögreglurannsókn

Ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni tekur ráðgjafi í samráði við deildarstjóra eða lögfræðing ákvörðun um að óska lögreglurannsóknar. Eftir

atvikum skal leita samþykkis forsjáraðila sem hefur barn í sinni umsjá og hafa samráð við barn.

12. gr.

Neyðarráðstafanir

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga sem heyrir undir barnaverndarþjónustu Hafnarfjarðar getur ráðgjafi með samþykki deildarstjóra, framkvæmt hana án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga.

Með samþykki forsjáraðila getur ráðgjafi tekið ákvörðun um neyðarráðstöfun gagnvart barni sem er 15 ára eða eldra. Deildarstjóra skal gert viðvart um ráðstöfunina.

Við aðstæður þær sem 1. mgr. 31. gr. barnaverndarlaga tekur til er ráðgjafa heimilt, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr., að fara inn á heimili enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu. Deildarstjóra skal gert viðvart um ákvörðunina.

Ef beita þarf neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga sendir ráðgjafi tilkynningu til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála sé barni ráðstafað til bráðabirgða hjá aðila sem ekki hefur fengið útgefið rekstrarleyfi Gæða- og eftirlitsstofnunar.

III. kafli

Ráðstafanir barnaverndarþjónustu

13. gr.

Áætlun um meðferð máls

Ráðgjafi, í samvinnu við forsjáraðila og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, skal gera skriflega áætlun um meðferð máls og undirritar áætlunina f.h. barnaverndarþjónustu Hafnarfjarðar.

Ráðgjafi skal, í samráði við deildarstjóra, gera einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða, náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 4. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga.

Deildarstjóri, lögfræðingur og ráðgjafi taka ákvörðun á tilkynningarfundi um lokun máls þegar áætlun rennur út eða meðan meðferðaráætlun er í gangi ef aðstæður barns verða viðunandi eða ekki er af öðrum ástæðum þörf á áframhaldandi vinnslu á grundvelli barnaverndarlaga.

14. gr.

Framkvæmd meðferðaráætlunar

Ráðgjafi skal sjá um alla framkvæmd meðferðaráætlunar. Hann skal koma á þeim stuðningi sem þar er mælt fyrir um og þörf er á, þar á meðal samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns. Hann skal meta þörf á samstarfi við aðra aðila sem veitt gætu stuðning eða vinna í málum barnsins og koma á slíku samstarfi sé þess þörf. Ráðgjafi getur, með samþykki foreldra, beitt þeim úrræðum sem kveðið er á um í 24. og 26. gr. barnaverndarlaga, sbr. einnig 10. gr. reglugerðar nr. 652/2004. Ef beita þarf úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns, skv. 25. gr. barnaverndarlaga, sendir ráðgjafi tilkynningu til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála sé barni ráðstafað til bráðabirgða hjá aðila sem ekki hefur fengið útgefið rekstrarleyfi Gæða- og eftirlitsstofnunar.

15. gr.

Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns

Ráðgjafi og deildarstjóri geta, með samþykki foreldra og barns sem náð hefur 15 ára aldri mælt fyrir um að:

- a. barnaverndarþjónusta Hafnarfjarðar taki við forsjá eða umsjá barns og ráðstafað barni í fóstur,
- b. barnaverndarþjónusta Hafnarfjarðar taki við forsjá eða umsjá barns og vistað barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla barnaverndarlaga til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings.

Ákvörðun um að taka við forsjá eða umsjá barns sbr. a. og b. lið skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

Ráðgjafi og deildarstjóri geta ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að ungmenni verður 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi. Ungmenni getur skotið synjun, um að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að viðkomandi verður 18 ára, til úrskurðarnefndar velferðarmála.

16. gr.

Vinnsla máls meðan vistun og fóstur varir

Þegar fyrir liggur ákvörðun um vistun eða fóstur barns skal ráðgjafi fara með alla vinnslu máls á meðan vistun eða fóstur varir. Í því felst m.a. að sækja um vistun á meðferðarheimili á vegum Barna- og fjölskyldustofu, gera vistunarsamning á grundvelli 80. gr. barnaverndarlaga, sækja um vistun/fóstur á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga, ganga frá áætlun um trygga umsjá barns á grundvelli 25. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 33. gr. barnaverndarlaga, koma á stuðningi við barn og/eða vistunaraðila, hafa frumkvæði að umgengni við nákomna eftir því sem þörf er á og gera samning um umgengni, fylgja eftir áætlun um meðferð og vistun barns, meta tímanlega árangur af fóstri eða vistun áður en henni lýkur og þörf á beitingu frekari úrræða.

17. gr.

Úrræði án samþykkis foreldra

Ráðgjafi og deildarstjóri taka ákvörðun, að höfðu samráði við lögfræðing, um að fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið kveði upp úrskurð gegn vilja foreldra og/eða barns sem er 15 ára eða eldra í samræmi við 26. - 29. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi. Ef beita þarf úrræðum skv. 27.- 29. gr. barnaverndarlaga sendir ráðgjafi tilkynningu til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála sé barni ráðstafað til bráðabirgða hjá aðila sem ekki hefur fengið útgefið rekstrarleyfi Gæða- og eftirlitsstofnunar.

18. gr.

Úrræði vegna ófæddra barna

Ráðgjafi og deildarstjóri taka ákvörðun, að höfðu samráði við lögfræðing, hvort gera skuli kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings samkvæmt ákvæðum lögræðislaga, í samræmi við 2. mgr. 30. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

19. gr.

Endurskoðun ráðstafana

Ráðgjafi og deildarstjóri taka afstöðu til beiðni um endurskoðun ráðstafana í samræmi við 2. mgr. 34. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

20. gr.

Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann

Ráðgjafi og deildarstjóri taka ákvörðun um að setja fram beiðni til lögreglu í samræmi við 37. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

21. gr.

Fyrirsvar vegna dómsmála

Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs fer með fyrirsvar barnaverndarþjónustu fyrir dómi. Deildarstjóri og ráðgjafi, að höfðu samráði við lögfræðing barnaverndarþjónustu, tekur nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi, svo sem hvort afla eigi mats dómkvaddra matsmanna o.s.frv. Ákvarðanir um sættir eða að falla frá máli skulu staðfestar af deildarstjóra eða lögfræðingi í hans fjarveru.

IV. kafli

Ráðstöfun barna í fóstur

22. gr.

Fóstur

Ráðgjafi og deildarstjóri, að höfðu samráði á meðferðarfundi, taka ákvörðun um að ráðstafa barni í fóstur í samræmi við XII. kafla barnaverndarlaga þegar fyrir liggja þær aðstæður sem mælt er fyrir um í 65. gr. barnaverndarlaga og 2. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Ráðgjafi og deildarstjóri taka ákvörðun um þau atriði sem mæla skal fyrir um í fóstursamningi sbr. 68. gr. barnaverndarlaga, svo sem forsjárskyldur fósturforeldra, fósturtíma, greiðslur til fósturforeldra, umgengni í fóstri, stuðning við barn og fósturforeldra og annað sem máli skiptir.

23. gr.

Beiðni um fósturheimili og val á fósturforeldrum

Ráðgjafi sendir beiðni um fósturheimili til Barna- og fjölskyldustofu í samræmi við 15. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ráðgjafi velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við Barna- og fjölskyldustofu, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ráðgjafi undirbýr barn undir viðskilnað við foreldra. Ráðgjafi skal leita umsagnar forsjárlaus foreldris áður en barni er ráðstafað í fóstur.

24. gr.

Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns

Ef aðeins annað foreldra fer með forsjá barns þegar úrskurður eða svipting á sér stað eða foreldri sem fer eitt með forsjá afsalar sér umsjá eða forsjá til barnaverndarþjónustu Hafnarfjarðar getur ráðgjafi og deildarstjóri, að höfðu samráði á meðferðarfundi, tekið ákvörðun um að ráðstafa barni til hins foreldrisins eða fela því forsjá barnsins, sbr. 67. gr. a. barnaverndarlaga.

25. gr.

Réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða
Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjá, afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. barnaverndarlaga eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun utan heimilis skv. 27. eða 28. gr. barnaverndarlaga taka ráðgjafi og deildarstjóri, ákvörðun um að hitt foreldrið eða aðrir taki við umsjá þess. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

26. gr.

Fóstursamningur

Þegar fóstur barns hefur verið samþykkt skal ráðgjafi ganga frá fóstursamningi og undirrita f.h. barnaverndarþjónustu Hafnarfjarðar.

Ef breytingar verða á högum fósturforeldra á fósturtíma skal ráðgjafi meta hvort þörf sé á að endurskoða fóstursamning í samræmi við 77. gr. barnaverndarlaga. Ráðgjafi og deildarstjóri taka ákvörðun um hvort þörf sé á endurskoðun fóstursamnings, að undangengnu samráði á meðferðarfundi. Ákvörðun getur falið í sér að breyta fóstursamningi, halda honum óbreyttum eða fella hann úr gildi. Ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

27. gr.

Greiðslur til fósturforeldra

Ráðgjafi og deildarstjóri, að undangengnu samráði á meðferðarfundi, taka ákvörðun um fjárhæð fósturlauna í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Fósturforeldrar geta óskað eftir endurskoðun á fjárhæð fósturlauna ef þeir telja að umönnunarþörf barns hafi breyst frá því að fóstursamningur var gerður. Ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Ráðgjafi og deildarstjóri, að undangengnu samráði á meðferðarfundi, taka ákvörðun um greiðslur í styrktu fósturi með Barna- og fjölskyldustofu, í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 858/2013.

Fari fósturforeldrar fram á greiðslur á ófyrirséðum kostnaði með rökstuddri beiðni í samræmi við 8. gr. reglugerðar nr. 858/2013 skulu ráðgjafi og deildarstjóri, að undangengnu samráði á meðferðarfundi, taka afstöðu til beiðninnar með rökstuddri bókun. Sú ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

28. gr.

Slit fóstursamnings

Ráðgjafi og deildarstjóri, að undangengnu samráði á meðferðarfundi, taka ákvörðun um að breyta fóstursamningi eða fella hann úr gildi, eins og mælt er fyrir um í 32. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra þar um getur barnaverndarþjónusta Hafnarfjarðar með rökstuddri ákvörðun breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi.

29. gr.

Framfærsluskýlda foreldra

Ráðgjafi og deildarstjóri, að undangengnu samráði á meðferðarfundi, taka ákvörðun um hvort krafa verði gerð á foreldra um greiðslu framfærslueyris, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 858/2013 með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Með sömu sjónarmiðum geta ráðgjafi og deildarstjóri, að undangengnu samráði á meðferðarfundi, ákveðið að aðstoða foreldra við kostnað vegna umgengni við barn í fósturi að hluta eða öllu leyti.

30. gr.

Um gengni í fóstur

Við ráðstöfun barns í fóstur skal ráðgjafi hafa frumkvæði að því að gera tillögur um umgengni barns við foreldra og aðra nákomna þegar það á við. Leitast skal við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja og ganga frá skriflegum samningi um fyrirkomulag umgengninnar, að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

Ef ekki næst samkomulag um umgengni geta ráðgjafi og deildarstjóri, að höfðu samráði á meðferðarfundi, farið fram á að umdæmisráð barnaverndar úrskurði um ágreiningsefni er varða umgengni barns við foreldra eða nákomna í samræmi við 81. og 74. gr. barnaverndarlaga.

V. kafli

Málsmeðferð barnaverndarmála

31. gr.

Aðgangur að gögnum máls

Lögfræðingur og/eða deildarstjóri, að höfðu samráði við ráðgjafa, taka ákvörðun um að takmarka aðgang aðila að tilteknum gögnum máls í samræmi við 2. mgr. 45. gr. barnaverndarlaga. Sú ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

32. gr.

Aðstoð lögmans

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur fjárstyrks til að greiða fyrir lögmannaástoð, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga.

Lögfræðingur tekur ákvörðun um greiðslu fjárstyrks á grundvelli 47. gr. barnaverndarlaga og í samræmi við reglur Hafnarfjarðar um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannaástoðar sbr. 47. gr. barnaverndarlaga.

33. gr.

Endurupptaka og fullnaðarafgreiðsla mála.

Beri aðili fram kvörtun vegna afgreiðslu barnaverndarþjónustu Hafnarfjarðar samkvæmt viðauka þessum, skal leiðbeina honum um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar hjá sviðsstjóra fjölskyldu- og barnamálasviðs, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji sviðsstjóri að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal málið tekið upp að nýju. Hafi sviðsstjóri tekið hina upphaflegu ákvörðun sem kvörtun beinist gegn skal aðili beina ósk um endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar til deildarstjóra barnaverndarþjónustu.

Sá starfsmaður sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu skv. viðauka þessum getur ekki, sbr. 43. gr. samþykktar þessarar, farið fram á að bæjarstjórn, bæjarráð eða viðkomandi nefnd taki ákvörðun í máli.

Við birtingu ákvörðunar skal upplýsa aðila að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða sbr. 12. gr. barnaverndarlaga. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

VI. kafli
Úrræði á ábyrgð sveitarfélaga

34. gr.

Sumardvöl fyrir börn

Starfsmenn fjölskyldu- og barnamálasviðs skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun um umsagnir vegna umsækjenda um leyfi til að starfrækja sumardvöl fyrir börn í umdæmi Hafnarfjarðar, sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Að því loknu skal meðferðarfundur afgreiða umsókn með bókun áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun.

35. gr.

Stuðningsfjölskyldur

Starfsmenn fjölskyldu- og barnamálasviðs skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun um umsagnir vegna umsækjenda um leyfi til að gerast stuðningsfjölskylda, sbr. 8. og 9. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun nr. 88/2021, 85. gr. barnaverndarlaga og VI. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Að því loknu skal meðferðarfundur afgreiða umsókn með bókun áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun.

36. gr.

Heimili og önnur úrræði á vegum barnaverndarþjónustu Hafnarfjarðar

Ráðgjafi skal sjá um að gera samninga við vistunaraðila skv. 5. gr. reglugerðar nr. 652/2004, hafa samskipti við Barna- og fjölskyldustofu, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og aðra aðila vegna þeirra úrræða sem fjallað er um í VII. kafla reglugerðar nr. 652/2004.

37. gr.

Útvistun mála samkvæmt þessum kafla

Deildarstjóri getur gert samninga við starfseiningar eða stofnanir Hafnarfjarðar til að sjá um afgreiðslu umsókna, gerð umsagna, öflun leyfa, gerð greinargerða, gerð samninga og annað sem til þarf vegna úrræða á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt þessum kafla og reglugerð nr. 652/2004.

VII. kafli
Umsagnarmál

38. gr.

Umsagnir samkvæmt ættleiðingarlögum nr. 130/1999

Ráðgjafi annast könnun mála vegna umsagnar barnaverndarþjónustu Hafnarfjarðar um ættleiðingar skv. 16. gr. og 31. gr. laga um ættleiðingar. Umsagnir vegna ættleiðingarmála skulu lagðar fyrir meðferðarfund með skriflegri greinargerð þar sem m.a. koma fram upplýsingar um hagi og aðstæður væntanlegra kjörforeldra í samræmi við ættleiðingarlög.

